



Formaður verkefnahóps um læsi
Guðfinna S. Bjarnadóttir
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um lokatillögur verkefnahóps um læsi, dagsettar 29. mars 2015.

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi verkefnastjórnar menntamálaráðuneytis um lokatillögur verkefnahóps um læsi.

Kí telur að langur vegur sé frá því að lokatillögur verkefnahóps um læsi séu komnar á það stig sem gera þarf kröfu um til stefnumótunar. Eftir er að umsetja efnið í inngangi og tillögum í heildstæða framkvæmdaáætlun og leiðarvísir fyrir skóla, kennara, sveitarfélög, foreldra, háskóla sem mennta kennara og samfélagið allt. Fyrir hendi þurfa að vera skýrar upplýsingar um aðgerðir, framkvæmd og leiðir.

Kí telur að eftirfarandi atriði þurfi að hafa að leiðarljósi við gerð heildstæðrar framkvæmdaáætlunar:

1. Forgangsraða þarf aðgerðum með skýrum hætti með verk- og tímaáætlunum og um kostnað. Lykilatriði er að tryggja skólum fjármuni til að vinna að aðgerðum.
2. Tillögur um læsi byggjast á hvítbók ráðherra. Ábyrgð og forystuhlutverk ráðherra og ráðuneytis er afgerandi í framkvæmd aðgerða. Læsi sem sameiginlegt verkefni alls samfélagsins gerir kröfu um að stjórnvöld fylgi aðgerðum markvisst eftir með áherslu á nauðsyn viðhorfsbreytinga til náms og skóla.
3. Stjórnvöld þurfa að tala skýrt um mikilvægi kennarastarfsins fyrir samfélagið til að skapa væntingar og tiltrú kennara á aðgerðum, og undirstrika lykilhlutverk kennara í því að styðja við og framkvæma breytingar.
4. Áhersla á stöðugar umbætur í menntakerfinu og að skólar og sveitarfélög starfi sem lærdómssamfélag gerir kröfu um að setja fagauð kennarastéttarinnar í forgrunn aðgerða. Skapa þarf kennurum aðstæður til að vinna að umbóta- og þróunarstarfi, veita markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun þeirra og rými til ígrundunar í starfi og til samstarfs, eftirfylgni og fjármuni til innleiðingar. Í framkvæmdaáætlun þarf að gera grein fyrir aðferðum við að styrkja fagauð kennarastéttarinnar, efla lærdómssamfélög í skólum og umbóta- og þróunarstarf.
5. Gera þarf grein fyrir hvernig vinna eigi að fjölgun leikskólakennara til að uppfylla skilyrði laga nr. 87/2008 um að lágmarki 2/3 hlutar þeirra er sinna uppeldi og menntun í leikskólum hafi leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi.

6. Skapa þarf skólastjórnendum aðstæður til að veita í meira mæli faglega leiðsögn í skólastarfinu með því að létta verkefnum af þeim og fjölga stöðugildum í stjórnun í skólunum. Veita þarf markvissan stuðning við starfsþróun skólastjórnenda, bæta möguleika og aðgengi þeirra að starfsþróun og starfsþjálfun.
7. Kennaramenntun þarf að innihalda breitt svið: grunnmenntun, vettvangsnám, starfsaðlögun, leiðsögn og ráðgjöf, starfsþróun og ígrundun í starfi. Þessir þættir þurfa að mynda til samans stefnu um menntun og þjálfun kennarastéttarinnar og skipulag menntunar hennar. Kennaramenntunin þarf að ná yfir allan starfsferil kennara.
8. Auka þarf vægi vettvangsnáms í heildarnámstíma og einingafjölda kennaramenntunar og lögfasta það til að bregðast við of lítilli starfsþjálfun kennaraefna á vettvangi.
9. Í skólum þarf að vera fyrir hendi skipulagður stuðningur við nýútskrifaða kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara.
10. Tengja þarf starf háskóla sem mennta kennara við vettvanginn í skólunum. Háskólar þurfa að miðla rannsóknum og aðferðum og sinna starfsþróun kennara á öllum skólastigum. Starfsþróun kennara þarf bæði að taka mið af þörfum skóla og einstaklinga, faglegri þróun og nýjungum, og kennarastéttin að vera þátttakandi í skipulagi eigin starfsþróunar.
11. Fastir kennsluráðgjafar þurfa að vera fyrir hendi í skólum og sveitarfélögum sem starfa með „landsráðgjöfum“. Kostnaður við „landsráðgjafa“ á að vera á ábyrgð menntamálaráðuneytis.
12. Gera þarf grein fyrir hlutverkum einstakra skólastiga í læsisaðgerðum, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, almennt og sértækt vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda með sérþarfir, markmiðum og viðmiðum um árangur við lok leikskóla, grunnskóla og við 18 ára aldur í framhaldsskóla.
13. Stórauka þarf stuðning við skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi.
14. Áherslum á aukinn læsisáhuga þarf að fylgja eftir með stórauðinni útgáfu vandaðra og fjölbreytilegra náms- og kennslugagna og aðgengi að þeim á öllum skólastigum. Náms- og kennslugögn þurfa að vera nemendum að kostnaðarlausu frá upphafi leikskóla til 18 ára aldurs í framhaldsskólum. Notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.
15. Leggja þarf áherslu á í sambandi við mat og skimanir í leikskólum að þar sé átt við HLJÓM-2 og að niðurstöður úr þeirri skimun og mati nýtist umsjónarkennara barnsins í grunnskóla. Niðurstöður skimana og mats þurfa að fylgja börnum milli skólastiga og upplýsingarnar nýttar kerfisbundið til að vinna gegna gegn erfiðleikum við lestrartileinkun. Einnig þarf að leggja áherslu á samstarf heilsugæslu og leikskóla í þessu sambandi.
16. Áherslum á skimanir, mat og snemmtæka íhlutun þurfa að fylgja tryggir fjármunir og að fagfólk sé fyrir hendi í skólum til að vinna að áherslum. Fjölgun leikskólakennara er forsendan fyrir því að raunhæft sé að framkvæma áherslur af þessu tagi í leikskólum landsins.
17. Leggja þarf meiri áherslu á að styrkja stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku, nemenda með sérþarfir af ýmsu tagi og foreldra þessara nemendahópa. Gera þarf grein fyrir

hvað átt er við með stuðningsneti innan sveitarfélags/hverfis, hvers konar stuðningsneti, hvernig því verður komið á, hverjir bera þar ábyrgð.

18. Veigamikill stuðningsþáttur við aðgerðir er greining á tal- og málþroskaröskunum barna, meðferð og þjálfun. Fjölga þarf talmeinafræðingum í skólum og sveitarfélögum til að stytta biðlista barna sem þurfa á meðferð og þjálfun að halda vegna tal- og málþroskaröskunar.
19. Leggja þarf áherslu á vinnubrögð nemenda, námsvenjur og aðgerðir til að auka skuldbindingu þeirra í námi, ábyrgð foreldra á þessum þáttum í námi barna sinna til 18 ára aldurs.
20. Gera þarf grein fyrir almennri fræðslu á vegum skóla við foreldra og miðlægni sérhæfðari fræðslu. Einnig þarf að gera grein fyrir aðstoð við skóla við að skipuleggja og útbúa fræðslu.

Kí áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaáætlun um læsi og að fylgja umsögnum eftir.

Kí undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

Virðingarfyllst

F.h. Kennarasambands Íslands

Aðalheiður Steingrímsdóttir
Aðalheiður Steingrímsdóttir fulltrúi KÍ í samráðshópi